




---

AÐALBJÖRG JÓNSDÓTTIR  
SÝNING Á HANDPRJÓNUÐUM KJÓLUM  
ÚR ÍSLENSKRI ULL

KJARVALSSTÖÐUM 6.11.-21.11.1982

---



Aðalbjörg Jónsdóttir hefur um langt árabil unnið við kjóla-saum. Íslenska ullin er efni, sem hún kynntist í uppvexti sinum norður á Ströndum.

Síðastliðin fimm til sex ár hefur Aðalbjörg svo til eingöngu helgað sig því að prjóna og skapa kjóla úr íslensku ullinni. Þessir kjólar hafa vakið verðskuldaða athygli bæði innanlands og utan á ýmsum sýningum, sem of langt mál væri upp að telja. Þó má geta sýningar, sem Íslenskur heimiliðnaður stóð fyrir 1979 og send var síðan til Chicago í Bandaríkjunum.

Það er augljóst að gifurleg vinna liggar að baki hverjum kjól því allir eru þeir frábrugðnir hver öðrum bæði í formi og litavalli. Í þessum flikum fer sannarlega allt saman, hugmyndaauðgi, formskyn og handbragð sem sýnir ljóslega hver listaverk er haegt að gera úr íslensku ullinni.

MÍJÓLA MUGDÓTA ÍSLANDS  
Einar Hákonarson

280.11.19.11.8 MUGDÓTA ÍAVHALLI





Aðalbjörg Jónsdóttir er fædd í Tungusveit í Strandasýslu árið 1916.

Hún stundaði nám við Kvennaskólann á Blönduösi og lærði kjóla- og kápusaum hjá Sigríði Sigurðardóttur klæðskera á Hólmavík.

Hugur Aðalbjargar hefur löngum hneigst til listar. Hún hefur um langt skeið fengist við að mála myndir og leitað til sagnar á þeim vettvangi.

Eftir að Aðalbjörg fluttist til Reykjavíkur, árið 1947, jón hún tekjur heimilisins með kjólasaum og var vinsæl saumakona um margra ára skeið. Ekki er að efa að sú reynsla hefur komið sér vel við sköpun þeirra þrjónakjóla, sem hér eru sýndir.

Kjólarnir eru allir þrjónaðir úr íslensku eingirni frá Gefjun og Álafossi og flestir í sauðalitunum.

A.H.